



## Námsstyrkir úr fræðslusjóði brunamála

### Markmið

Markmið verklagsreglnanna er að stuðla vandaðri afgreiðslu umsókna um styrki úr fræðslusjóði brunamála. Með því að afla skriflegra umsagna er tryggt að afgreiðsla styrkja byggji á rökum sem sett eru fram í umsóknum styrkþega og metin af umsagnaraðilum. Þannig að markmið sjóðsins sem er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkvistarfa verði sem best náð.

### Verklagsreglur

Sjóðurinn veitir styrki til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa vegna brunavarna, sbr. 1 mgr. 3. gr. reglugerðar 266/2001.

Markmið styrkveitinga er að byggja upp fagþekkingu á sviði brunamála og sérstakra áhættuþátta í umhverfi þeirra sem sækja um styrki, auk þess að auka hæfni þeirra til miðlunar þekkingar. Almennt veitir sjóðurinn ekki styrki til einkafyrirtækja.

Eftirfarandi viðmið varðandi ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma skulu höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja:

1. Slökkvilið, 60-90 % af ráðstöfunarfé.  
Umsóknir frá slökkviliðum og einstökum slökkviliðsmönnum.
2. Aðrir aðilar, 10-40 % af ráðstöfunarfé.  
Umsóknir frá einstaklingum og öðrum sem vinna að brunamálum.
3. Starfsmenn Mannvirkjastofnunar geta ekki sótt um styrki úr sjóðnum.

Sá sem fær úthlutað styrk úr Fræðslusjóði brunamála skal hafa nýtt hann í síðasta lagi fyrir lok næsta árs eftir úthlutun. Ef styrkþegi nýtir ekki styrkinn innan þess tíma, fellur styrkveiting niður.

Mannvirkjastofnun metur til hverra leitað er til eftir umsögn um styrkumsókn. Við úthlutun styrkja skal stuðst við umsagnir frá a.m.k. tveimur umsagnaraðilum, auk mats Mannvirkjastofnunar til þess að afgreiðsla á styrkjum fari fram. Mannvirkjastofnun leitar eftir tilnefningum um umsagnaraðila frá eftirfarandi hagsmunaaðilum eftir því sem við á:

- Brunatæknifélag Íslands,
- Félag slökkviliðsstjóra,
- Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna,
- Samband íslenskra tryggingafélaga,
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök atvinnulífsins



Umsögn umsagnaraðila skal byggja á þeim atriðum sem tilgreindir eru í liðum 1-3 hér á eftir og flokka vægi einstakra þátta í umsóknum. Stig skulu gefin fyrir hvern staflið, þannig að að skýrt sé í umsögninni fyrir hvaða þátt stigin eru gefin.

Umsóknir í fræðslusjóð brunamála skulu fela í sér umfjöllun um hversu mikilvægt verkefnið er, hvernig gæðum er stýrt og hvernig útkomu verkefnisins verður komið á framfæri þannig að aukin þekking á sviði brunamála nýtist öllum þeim sem að brunamálum vinna.

Við veitingu umsagnar eru gefin stig fyrir eftirfarandi þætti:

1. Mikilvægi verkefnisins (hámark 30 stig, lágmark 15 stig ).
  - a) Lýsing á þörfum viðkomandi og greining á hvers vegna þetta verkefni uppfylli þær þarfir.
  - b) Hvernig nýtist verkefnið þátttakendum eða öðrum hagsmunaaðilum.
  - c) Nýtist verkefnið til að bæta úr þörfum annarra á þessu sviði.
  - d) Varðar verkefnið nýjungar í brunavörnum.
  - e) Varðar verkefnið forvarnir í brunavörnum.
  - f) Hversu breiða skírskotun hefur verkefnið (nýtist það slökkviliðsmönnum, stjórnendum slökkviliða, almenningi).
2. Gæði verkefnisins (hámark 40 stig, lágmark 20 stig).
  - a) Hversu skýrt er hvað felst í verkefninu.
  - b) Gæði undirbúning fyrir verkefnið.
  - c) Gæði náms sem nýtt er í verkefninu.
  - d) Veitir verkefnið viðurkenningu eða réttindi (EQF, Europass, starfsréttindi, CEU, ECTS).
  - e) Hverjir eru þátttakendur í verkefninu, ef um hóp er að ræða hvernig er samsetning hópsins og hvernig er valið í hópinn.
  - f) Samræmi milli markmiðs verkefnisins og þess sem sótt er um að framkvæma í verkefninu.
3. Niðurstöður, áhrif og kynning á verkefninu (hámark 30 stig, lágmark 15 stig).
  - a) Hvernig verður útkoman úr verkefni metin (skil á lokaskýrslu til fræðslusjóðs um gagnsemi verkefnisins).
  - b) Hvernig verður niðurstaða verkefnisins kynnt.
  - c) Verður upplýsingum úr verkefninu veitt áfram til annarra aðila (fræðsla/kennsla, þjálfun, stjórnun).
  - d) Hvernig verða gæði kynninga á verkefninu tryggð.

Til þess að koma til álita um úthlutun þarf verkefnið að fá a.m.k. 60 stig og hafa hlotið a.m.k. helming stiganna í hverjum hluta fyrir sig.

Umsóknir skulu flokkaðar og forgangsraðað eftir stigafjölda.

## Tilvísanir

Reglugerð nr. 266/2001 um námsstyrki úr Fræðslusjóði brunamála.